

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - febrúar 2014**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins 2014 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri var minna nú en á sama tímabili 2013 og var jákvætt um 5,3 ma.kr. samanborið við 6 ma.kr. árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 7,7 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 6,1 ma.kr. milli ára.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - febrúar 2010 - 2014 (m.kr.)

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	80.951	82.215	91.367	97.088	104.755
Greidd gjöld	87.447	78.997	85.761	92.889	98.941
Tekjujöfnuður	-6.496	3.218	5.606	4.199	5.814
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	9.923	5.670	-3.454	1.813	-535
Handbært fé frá rekstri	3.427	8.888	2.152	6.012	5.279
Fjármunahreyfingar	-3.433	-1.705	-5.245	-7.007	-4.508
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-6	7.183	-3.093	-995	771
Afborganir lána	-3.105	-750	-1.246	-964	-2.446
Innanlands	-3.105	-750	-1.246	-964	-2.446
Erlendis	-	-	-	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-3.111	6.433	-4.339	-1.959	-1.675
Lántökur	27.144	31.793	34.521	9.788	9.919
Innanlands	28.507	24.200	18.872	9.788	9.919
Erlendis	-1.364	7.593	15.649	0	0
Breyting á handbæru fé	24.033	38.226	30.182	7.829	8.244

Innheimtar tekjur ríkissjóðs fyrstu tvo mánuði ársins námu 104,8 ma.kr. sem er 7,9% aukning frá því í fyrra og 5,2 ma.kr. eða 5,2% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 10,1% á milli ára og námu 98,2 ma.kr. sem er 7,5% yfir áætlun. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 22,4 ma.kr. og tekjuskattur lögaðila 5,6 ma.kr. Tekjuskattar eru yfir áætlun, en reynslan hefur sýnt að frávik frá áætlun fjárlaga eru yfirleitt mest í upphafi árs og fara dvínandi þegar á líður. Tekjur af fjármagnstekjuskatti námu 14,2 ma.kr. á tímabilinu sem er 8,4% yfir áætlun fjárlaga og aukning um 9,4% frá því í fyrra. Þar af nam fjármagnstekjuskattur sem greiddur er af ríkissjóði 1,0 ma.kr.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
Skatttekjur og tryggingagjöld	86.346	89.145	98.153	13,5	3,2	10,1
Skattar á tekjur og hagnað	34.621	36.132	42.208	-3,6	4,4	16,8
Tekjuskattur einstaklinga	18.752	19.711	22.448	20,6	5,1	13,9
Tekjuskattur lögaðila	4.730	3.452	5.576	78,3	-27,0	61,5
Skattur á fjármagnstekjur	11.139	12.969	14.183	-37,1	16,4	9,4



Eignarskattar	2.660	1.701	1.485	252,2	-36,0	-12,7
Skattar á vöru og þjónustu	36.217	38.017	40.308	30,8	5,0	6,0
Virðisaukaskattur	24.336	25.105	27.261	36,7	3,2	8,6
Vörugjöld af ökutækjum	614	585	627	73,4	-4,8	7,2
Vörugjöld af bensíni	1.737	1.750	1.748	8,1	0,8	-0,1
Skattar á olíu	979	1.009	1.067	0,6	3,0	5,7
Áfengisgjald og tóbaksgjald	2.382	2.543	2.609	11,8	6,8	2,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	6.168	7.025	6.997	27,9	13,9	-0,4
Tollar og aðflutningsgjöld	1.209	1.064	1.002	58,2	-12,0	-5,8
Aðrir skattar	700	1.304	1.391	4,6	86,3	6,7
Tryggingagjöld	10.938	10.927	11.759	5,9	-0,1	7,6
Fjárframlög	26	27	28	20,1	5,0	3,4
Aðrar tekjur	4.960	7.901	6.510	-16,8	59,3	-17,6
Sala eigna	36	15	64	-	-	-
Tekjur alls	91.367	97.088	104.755	11,2	6,3	7,9

Skattar á launagreiðslur og vinnuafli námu 1,2 ma.kr. sem er aukning um 16,8% á milli ára og 8,0% yfir áætlun. Þar af nam fjársýsluskattur, sem lagður er á fjármálafyrirtæki, 0,6 ma.kr. sem er 11% yfir áætlun og skýrist það frávik alfarið af innheimtu í janúar vegna launa í desember.

Tekjur af eignarsköttum námu 1,5 ma.kr. tímabilið janúar-febrúar sem er samdráttur um 12,7% á milli ára og 0,1 ma.kr. eða 7,7% undir tekjuáætlun fjárlaga. Auðlegðarskattur er á áætlun og nam 0,6 ma.kr. sem er aukning um 4,0% á milli ára. Stimpilgjöld drógust saman um 16,7% á milli ára og námu 0,5 ma.kr. sem er 19,7% undir áætlun. Ný lög um stimpilgjald tóku gildi um áramótin og kann fráviknið að skýrast af því að frestun viðskipta fram yfir áramót hafi verið vanmetin, en langmestur hluti fráviksins myndaðist í upphafi ársins. Þá nam erfðafjárskattur 0,3 ma.kr. sem er 2,2% undir áætlun og aukning um 5,4% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 6,0% á milli ára og námu þeir samtals 40,3 ma.kr. sem er eftir áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur mest í þessum flokki skatta, nam 27,3 ma.kr. sem er 1,4% yfir áætlun fyrir tímabilið og var aukning hans á milli ára 8,6%. Um er að ræða jákvæð umskipti frá því á síðasta ári, þegar tekjur af virðisaukaskatti voru nær undantekningarlaust undir áætlun.

Vörugjöld af ökutækjum námu 0,6 ma.kr. og vörugjöld af bensíni 1,7 ma.kr. en bæði eru aðeins undir áætlun eftir tvo fyrstu mánuði ársins. Olíugjaldið skilaði 1,1 ma.kr. og kolefnisgjaldið 0,5 ma.kr. og eru bæði gjöldin yfir áætlun fjárlaga. Bifreiðagjaldið er 4,1% undir áætlun og nam 2,7 ma.kr. á tímabilinu.

Áfengisgjaldið skilaði 1,6 ma.kr. sem er lítillega undir áætlun en 2,3% aukning frá því í fyrra. Tóbaksgjaldið jókst um 3,1% á milli ára og nam 1,0 ma.kr. sem er á áætlun. Sala áfengis á fyrstu tveimur mánuðum ársins var 7,7% meiri en hún var á sama tíma í fyrra, mælt í vinnanda allra tegunda samanlagt. Tóbakssala jókst að magninu til um 14,4% milli ára sem skýrist af lítilli sölu í upphafi árs 2013 vegna „hamsturs“ skömmu fyrir hækkun tóbaksgjaldsins í ársbyrjun 2013.

Aðrir skattar jukust um 6,7% á milli ára og námu samtals 1,4 ma.kr. tímabilið janúar-febrúar sem er nokkru undir áætlun fjárlaga.



Tekjur af tryggingagjöldum námu 11,8 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er 5,7% yfir áætlun og 7,6% aukning frá því í fyrra. Almenna tryggingagjaldið nam 5,9 ma.kr. en atvinnutryggingagjaldið nam 3,3 ma.kr. Frávik tryggingagjalda stendur fyrir um það bil áttunda hluta af heildarfrávikum tekna á tímabilinu. Það er jákvætt fyrir ríkissjóð þar sem um styrkan skattstofn er að ræða. Hafa ber í huga að frávikum skýrist að einhverju leyti af því að aukning atvinnu var umfram spár á síðustu mánuðum ársins 2013 og einhver hluti þeirrar aukningar sem búist var við á árinu 2014 kann að hafa komið snemma fram. Einnig var launastig undir lok síðasta árs hærra en í efnahagsspám. Að því leyti sem slík hliðrun í tíma kann að hafa átt sér stað ætti hið jákvæða frávik í tryggingagjaldi að jafnast þegar lengra kemur fram á árið og verður áhugavert að fylgjast með þróun þess.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 1,0 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir. Aðrar tekjur en skatttekjur skiluðu 6,5 ma.kr. sem er 17,6% minna en í fyrra, sem skýrist að stórum hluta af því að veiðigjaldið skilaði 3,7 ma.kr. í janúar-febrúar í fyrra en aðeins 1,3 ma.kr. nú.

Greidd gjöld námu 98,9 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 6,1 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 6,5% sem var að mestu í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Gjöld ríkissjóðs janúar - febrúar 2012-2014

	2012	2013	2014	2013	2014
Fjármagnskostnaður	13.437	13.944	16.191	3,8	16,1
Almenn opinber þjónusta	6.978	8.054	8.696	15,4	8,0
Almannatryggingar og velferðarmál	18.108	20.930	21.514	15,6	2,8
Heilbrigðismál	18.657	19.865	21.638	6,5	8,9
Efnahags- og atvinnumál	7.821	7.711	8.743	-1,4	13,4
Menntamál	11.916	12.604	12.623	5,8	0,2
Menningar- og félagsmál	3.084	3.270	3.200	6,0	-2,1
Lög- og réttargæsla	3.302	3.609	3.509	9,3	-2,8
Önnur útgjöld	2.458	2.902	2.827	18,1	-2,6
Gjöld alls	85.761	92.889	98.941	8,3	6,5

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 24,9 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins samanborið við tæpa 22 ma.kr. á síðasta ári. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda en hann nam 16,2 ma.kr. og jókst um 2,2 ma.kr. frá fyrra ári sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist með tilfærslu greiðslna innan ársins. Útgjöld vegna utanríkismála námu 2,1 ma.kr. samanborið við 1,8 ma.kr. á fyrra ári. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 2,7 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 3,9 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til lög- og réttargæslu námu 3,5 ma.kr. samanborið við 3,6 ma.kr. 2013. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 635 m.kr., útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem voru 574 m.kr. og útgjöld Ríkislögreglustjóra 229 m.kr. Þá námu útgjöld sýslumannsembætta 375 m.kr. á tímabilinu, útgjöld Fangelsismálastofnunar 231 m.kr. og útgjöld héraðsdómstóla 233 m.kr.



Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um rúman 1 ma.kr. á milli ára og námu 8,7 ma.kr. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 3,1 ma.kr. samanborið við 2,4 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 2,4 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 1,1 ma.kr. og útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum rúmum 1 ma.kr. Útgjöld til heilbrigðismála námu 21,6 ma.kr. og jukust um 1,8 ma.kr. milli ára. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 3,1 ma.kr. samanborið við tæpa 3 ma.kr. 2013. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 4,2 ma.kr. samanborið við 3,7 ma.kr. 2013. Útgjöld vegna sjúkráðgjafna námu 9,3 ma.kr. samanborið við 8,6 ma.kr. 2013 þar sem mest munar um útgjöld Landspítala sem námu 7,1 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 4,3 ma.kr. og jukust um tæpar 400 m.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 658 m.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu 3,2 ma.kr. á tímabilinu og drógust lítillega saman milli ára. Helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið tæpar 600 m.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals um 840 m.kr. Útgjöld til menntamála námu 12,6 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins og voru svipuð og á árinu 2013. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 3,4 ma.kr. og útgjöld vegna háskólastigs 8,4 ma.kr. en útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna uppá 5,5 ma.kr. falla þar undir. Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 21,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 584 m.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóttaliðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 1,3 ma.kr. milli ára og námu um 11,3 ma.kr. á tímabilinu. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 2,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega frá fyrra ári. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu tæpum 2,7 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 1,4 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Þá námu greiddar barnabætur 2,4 ma.kr. sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir.

Önnur útgjöld námu 2,8 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga upp á 1,7 m.a.kr. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 693 m.kr., útgjöld vegna varnarmála 178 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 143 m.kr.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var jákvæður um 771 m.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 998 ma.kr. Brúttó var lánsfjárfjöfnuðurinn neikvæður um 1,7 ma.kr. samanborið við 2,0 ma.kr. 2013.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 2,4 ma.kr. en engar erlendar afborganir voru á gjalddaga.

Innlendar lántökur námu 14,4 ma.kr en en staða ríkisvíxla lækkaði um 4,5 ma.kr. á tímabilinu